

## Laga- og reglugerðarákvæði

Í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er gerð krafa um að umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis fylgi áætlun um fjármögnun, staðfesting á a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins og rekstraráætlun sem sýnir uppbyggingaferli eldisins og öflun hrogn og seiða.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er tekið fram að staðfesting endurskoðanda um stöðu eiginfjár eða staðfesting um fyrirhugaða hlutafjárukningu eftir útgáfu rekstrarleyfis skuli liggja fyrir. Þegar staðfesting kveður á um fyrirhugaða hlutafjárukningu skal gildistaka rekstrarleyfis skilyrt því að ný staðfesting berist frá endurskoðanda um að staða eiginfjár uppfylli ofangreinda kröfu um 30% eigin fjármögnun eftir hlutafjárukningu.

## Fylgigögn

Kröfu um eiginfjármögnun er hægt að uppfylla á tvönnu vegu. Annars vegar með því að framvísa staðfestingu endurskoðanda á fullnægjandi eiginfjárstöðu og hins vegar með staðfestingu um fyrirhugaða hlutafjárukningu.

Í báðum tilfellum skal framvísa **rekstraráætlun** þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig rekstri verður háttað auk upplýsinga um öflun hrogn og seiða. Að auki skal umsókn fylgja **fjárfestingaráætlun** þar sem gerð er grein fyrir heildarfjárfestingu í búnaði og mannvirkjum í samræmi við þær fyrirætlanir sem fram koma í rekstraráætlun.

Umsækjandi gerir grein fyrir eiginfjárstöðu með því að framvísa **staðfestingu endurskoðanda** þar sem fram koma upplýsingar um eiginfjárstöðu fyrirtækisins og hlutfall þess af eignum og skuldum.

Kjósi umsækjandi að framvísa **staðfestingu á fyrirhugaðri hlutafjárukningu** skulu þar koma fram upplýsingar um núverandi eiginfjárstöðu fyrirtækisins, upphæð fyrirhugaðrar hlutafjárukningar og hver áætlun eiginfjárstaða verður í kjölfar hlutafjárukningar. Yfirlýsingin skal undirrituð af þeim aðilum sem leggja munu til hlutafjárukninguna.

Tafla 1 sýnir hvernig kaup á búnaði eru skuldfærð og eiginfjárstaða lækkar í kjölfarið. Hlutfall eigin fés í kjölfar fjárfestingar á búnaði og mannvirkjum þarf að vera yfir 30% til að umsóknaraðili standist kröfur um eiginfjármögnun eldis.

*Tafla 1 – útreikningar á eiginfjárlutfalli að teknu tilliti til fyrirhugaðra fjárfestinga*

	<i>Eiginfjárstaða fyrir kaup á búnaði og mannvirkjum</i>	<i>Eiginfjárstaða eftir kaup á búnaði og mannvirkjum</i>
Eignir (fyrirhuguð fjárfesting)		10
Skuldir	100	100
Eigið fé	50	50
<b>Hlutfall</b>	<b>50%</b>	<b>45,5%</b>